



Alþingi

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið nefndasvid@althingi.is

Akranesi, 17. mars 2017
1702057 SFP/sas

Efni: Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 16. mars sl., var fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.

Bæjarráð fól undirrituðum að senda athugasemdir í samræmi við tillögu sem samþykkt var í bæjarstjórn Akraness þann 14. mars sl. sem er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Akraness hvetur alþingismenn til þess að taka tillit til ábendinga landlæknis og heilbrigðisstarfsfólks þegar þeir gera upp hug sinn varðandi frumvarp það sem liggur fyrir Alþingi, um afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimilar áfengisauglýsingar.

Landlæknir, heilbrigðisstarfsfólk, samtök lækna og fjölmargir aðilar sem vinna að heilsueflingu og velferðarmálum vara við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins og benda á að rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi, sem verður með mikilli fjölgun sölustaða, leiðir til aukinnar neyslu, meðal annars meðal barna og ungmenna. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna er andvígur frumvarpinu. Þessar ábendingar verður að taka alvarlega.



Akraneskaupstaður

Íslendingar hafa tekið forvarnir gegn ávana- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna föstum tökum og náð þar undraverðum árangri. Bæjarstjórn Akraness leggur mikla áherslu á forvarnastarf og setur í forgang að búa börnum og ungmennum sem best uppvaxtarskilyrði. Á undanförunum árum hafa kannanir sýnt, að ávana- og vímuefnaneysla barna og ungmenna á Akranesi er með því allra minnsta sem þekkt hér á landi. Það er mikilvægt að við glutrum ekki niður þessum góða árangri. Við eigum að láta hagsmuni og velferð barna og ungmenna njóta forgangs í allri stefnumörkun. Aukið aðgengi að áfengi og áróður í formi áfengisauglýsinga gengur gegn því sjónarmiði.“

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sveinbjörn Pálsson
Bæjarstjóri